

BRÁÐAOFNÆMI - VINNUFERLI

Nemandi með bráðaofnæmi þarf sérstakan eftirlit í skólanum. Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga ef nemandi er greindur með bráðaofnæmi.

Viðtal við nemanda og foreldri

- Fá upplýsingar um ofnæmi nemanda s.s. ofnæmisvaka, bráðleika og einkenni.
- Fá öll símanúmer foreldra.
- Fá leyfi foreldra til að upplýsa starfsfólk skólans um sjúkdóminn.
- Fá mynd af nemanda til að geta sýnt starfsfólki skólans.
- Biðja foreldra um að barn hafi alltaf epi-penna á ákveðnum stað í skólatöskunni og skólinn fái annan epi-penna til að hafa þar sem þörfin er mest, t.d. í mötuneyti skólans.
- Bjóða foreldrum að fræða nemendur bekkjarins og ef til vill foreldra þeirra um bráðaofnæmi.

Útbúa leiðbeiningar fyrir starfsfólk skólans þar sem fram kemur:

- Nafn og bekkur nemanda. Að hann sé með bráðaofnæmi fyrir...
- Einkenni bráðaofnæmis t.d. öndunarerfiðleikar eða útbrot.
- Hvað á að gera ef einkenni bráðaofnæmis koma fram:
 - Gefa adrenalín sprautu (epi-pen) í lærið
 - Hringja í 112
 - Hringja í foreldra
- Hvar epi-pennarnir eru geymdir í skólanum.
- Símanúmer foreldra.

Upplýsa alla starfsmenn skólans um bráðaofnæmi nemandans

- Segja frá bráðaofnæmi nemandans og sýna mynd af honum.
- Kynna leiðbeiningar og viðbrögð fyrir starfsfólki skólans.
- Sýna hvernig á að nota epi-penna. Láta sýniseintak ganga á milli manna.
- Athuga þegar nýir starfsmenn hefja störf í skólanum þarf að fara yfir þessi atriði með viðkomandi.